



## Almennar upplýsingar

<b>Nafn umsækjanda *</b>	Skjaldborg - hátíð íslenskra heimildamynda
<b>Kennitala *</b>	6505090800
<b>Heimilisfang *</b>	Aðalstræti 75
<b>Póstnúmer og staður *</b>	450 Patreksfirði
<b>Símanúmer *</b>	8203646
<b>Netfang *</b>	skjaldborg@skjaldborg.is
<b>Umsjónaraðili</b>	Kristín Andrea Þórðardóttir
<b>Samstarfsaðilar</b>	Patreksskóli og Púkinn - barnamenningarhátíð Vestfjarða
<b>Heiti verkefnis *</b>	Skjaldbakan á Vestfjörðum
<b>Lýsing verkefnis eða viðburðar *</b>	Skjaldbakan er fræðslu- og barnastarf Skjaldborgar—hátíðar íslenskra heimildamynda sem hófst haustið 2022 með námskeiðum í heimildamyndagerð fyrir börn í 5.-7. bekk sem tengdi þrjá staði á landinu, Patreksfjörð, Seyðisfjörð og Reykjavík. Markmið verkefnisins er annars vegar að gefa börnum rödd og farveg fyrir sköpun og hins vegar gefur verkefnið þeim færi á að tengjast börnum í öðrum landshlutum í gegnum sína sköpun.

Með þátttöku í verkefninu býðst krökkum að horfa í kring um sig og skoða sitt nærumhverfi og sinn hversdagsleika í gegnum nýja linsu með tilliti til þeirrar ábyrgðar sem því fylgir. Verkefnið gefur þeim tækifæri til þess að varpa sínum hugarheim á hvíta tjaldið og upplifa sig sem höfund verks í sal fullum af áhorfendum. Í viðhengi má lesa nánar um markmið verkefnisins.

Skjaldbakan á Vestfjörðum er staðfest í samstarfi við Patreksskóla með undirbúningskennslu fyrir miðstið í gegnum fjarfundarbúnað í lok september. Næstu tvær vikurnar mun deildarstjóri miðstigs halda þeim "kveikjum" sem settar voru fram í fjarkennslunni að börnunum en á því tímabili verður þegar sérstök áhersla á læsi, tilfinningar og tjáningu hjá miðstigi. Það samvinnast með námsáherslunum börnin nýta næstu tvær vikur í að ákveða sín umfjöllunarefni fyrir heimildamyndavinnusmiðjuna sem haldin verður 14.-16.október en þá koma leiðbeinendur verkefnisins vestur með upptökubúnað og aðstoða börn á miðstigi að vinna heimildastuttmyndir. Það er jafnframt markmið í þeirri sömu ferð að fá að koma í heimsókn með kynningu í skólana á Tálknafirði og Bíldudal ef við náum að fjármagna þann aukakostnað. Sá aukakostnaður er þegar inni í kostnaðaráætlun.

Leiðbeinendur mun svo koma aftur að vori með sýningarpakka frá smiðjunni, og hinum smiðjunum á Seyðisfirði og í Reykjavík, og sýna í Skjaldborgarbíói í tengslum við barnamenningarhátíðina Púkann. Þar munu börnin úr Patreksskóla standa með sínum verkum og svara spurningum áhorfenda að lokinni sýningu.

Ferilskrár leiðbeinenda má finna í fylgiskjali 2.

<b>Samfélagslegt gildi verkefnis eða viðburðar *</b>	Börnin öðlast nýja þekkingu og reynslu með þátttöku í verkefninu. Þau fá verkfæri til að nýta sína rödd og koma sínu sjónarhorni á framfæri við áhorfendur. Þau öðlast aukinn skilning á ábyrgð sinni sem höfundur sem varpar ljósi á ákveðið sjónarhorn. Komin er reynsla á verkefnið og hafa skólastjórnendur Patreksskóla lýst yfir ánægju með samstarfið og áhrif þátttöku barnanna í verkefninu.
--	---

Markmiðalýsing verkefnisins á bls. 4 í fylgiskjali skýrir vel gildi verkefnisins.

**Áætlaður kostnaður og  
hvernig tilkominn**

Áætlaður kostnaður er 3.560.000.-

sjá nánar í kostnaðaráætlun sem er á bls. 10 í fylgiskjali

**Áætlaðar tekjur og hvernig  
tilkomnar**

Verkefnið er þegar styrkt í heild (á þremur stöðum á landinu) af Barnamenningarsjóði og Kvikmyndamiðstöð Íslands auk styrks úr Uppbyggingarsjóði Vestfjarða fyrir Vestfjarðahlutann. Eigið framlag og lágmarks vinnu- og aðstöðuframlag frá Patreksskóla og Skjaldborgarbíó er einnig talið með í fjármögnunar- og kostnaðaráætlun sem sjá má í fylgiskjali á bls. 10. Leitast verður eftir styrkjum frá fyrirtækjum á Vestfjörðum til að loka fjármögnun.

**Styrkuppþæð \***

250.000.-

**Fylgigögn**

---

Fylgigögn

[Skjaldbakan Vestfirðir umsókn sept 2024.pdf](#)

Fylgigögn

[Skjaldbakan\\_CVs.pdf](#)

**Undirskrift / Dags**

---

**Dagsetning og undirskrift  
umsækjanda**

1.september Kristín Andrea Þórðardóttir fh. verkefnis